

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 384/1991.

Dísilverk

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

gegn

Viggó Guðmundssyni

(Árni Guðjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Veð. Þinglýsing

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, seldi áfrýjandi stefnda bifreið fyrir milligöngu sölustjóra bifreiðasölnunnar Bílaþings, sem rekin er á vegum Heklu hf. Bifreiðasalinn var umboðsmaður áfrýjanda í þessum viðskiptum. Umboð hans hefur ekki verið vefengt. Hann undirritaði afsalið fyrir hönd áfrýjanda 3. maí 1989, og kom þar fram, að kaupandi hefði „að fullu staðið . . . skil á andvirði hinnar seldu bifreiðar“. Umboðsmaðurinn tók við greiðslu úr hendi stefnda. Hluti hennar var skuldabréf, að fjárhæð 400.000 krónur, sem stefndi hafði fengið við sölu bifreiðar sinnar skömmu áður og tryggt var með veði í þeirri bifreið, en hafði ekki verið þinglýst. Skuldabréfið var gefið út af kaupanda bifreiðarinnar, og voru á því tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn. Fyrir dómi kvaðst umboðsmaðurinn hafa kannað þessi nöfn, en ekkert fundið athugavert. Skuldabréfið var ekki tækt til þinglýsingar, þegar viðskipti aðila þessa máls fóru fram, þar sem bifreiðin var ekki umskráð á nafn útgefanda bréfsins fyrr en 6. maí. Þess var ekki óskað af hálfu áfrýjanda eða umboðsmanns hans, að stefndi annaðist þinglýsingu bréfsins eða tækist á hendur ábyrgð á greiðslu þess með áritun sinni.

Áfrýjandi fékk skuldabréfið í sínar hendur tveimur til þremur vikum eftir útgáfu afsals. Gjaldddagi fyrstu afborgunar var 20. júní 1989, en ekkert hefur fengist greitt af bréfinu. Öðru veðskuldabréfi, að fjárhæð 400.000 krónur, var þinglýst í hinni veðsettu bifreið 10. júlí 1989. Það skyldi greiðast með einni greiðslu 15. ágúst sama ár. Ekki hefur verið upplýst, hvort skuld samkvæmt þessu bréfi var greidd. Til þess var þó sérstök ástæða, eins og mál þetta er vaxið. Þegar framangreind þinglýsing fór fram, hafði áfrýjandi enn engan reka gert að því að tryggja réttarstöðu sína með því að þinglýsa skuldabréfinu frá stefnda. Ósannað er, að umrædd bifreið hafi ekki verið fullnægjandi veð til tryggingar greiðslu samkvæmt skuldabréfinu, hefði því verið þinglýst í tæka tíð. Þá er ekkert fram komið um það, að stefndi hafi ekki mátt ætla, að bréfið væri fullgild greiðsla.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Dísilverk, greiði stefnda, Viggó Guðmundssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þann 23. mars 1991, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Dísilverki, kt. 660285-0169, Draupnisgötu 3, Akureyri, gegn Viggó Guðmundssyni, kt. 120527-2829, Ljósheimum 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 400.000,00, með [náðar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir að stefnandi seldi þann 3. maí 1989 stefnda bifreið af gerðinni Opel Kadett GL, árgerð 1985. Milligöngu um þessi viðskipti hafði sölustjóri bílasöluinnar Bílapings, Pétur Þór Brynjarsson, sem jafnframt var

umboðsmaður stefnanda. Stefndi greiddi kaupverðið, kr. 450.000,00, með víxlum að fjárhæð kr. 50.000,00, en afganginn með skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000,00, út gefnu 2. maí 1989, til handhafa af Lárusi R. Þ. Arasyni og með sjálfskuldarábyrgð Óskars Arnar Jónssonar og Sigurðar Bjarnasonar. Skuldabréf þetta var tryggt með 1. veðrétti í bifreið af gerðinni Citroën BX 16 TRS, árgerð 1984, óþinglýst. Skuldabréf þetta var til 18 mánaða og átti að greiðast með 18 mánaðarlegum afborgunum, þeirri fyrstu þann 20. júní 1989, og bera hæstu leyfilega meðalvexti, sem áttu að reiknast frá 2. maí 1989, og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir. Samkvæmt bréfinu var heimilt að gjaldfella alla skuldina ef vanskil yrðu veruleg. Stefnandi kveður ekkert hafa verið greitt af bréfinu þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefndi kveðst hafa fengið skuldabréfið í hendur vegna annarra bílaviðskipta sama dag eða daginn áður en viðskipti hans og stefnanda áttu sér stað. Stefndi kveður skuldabréfið hafa borið það með sér að það hafi verið óþinglýst, enda hafi hann fengið það í hendur skömmu áður eins og dagsetning þess hafi borið með sér. Þrátt fyrir það hafi forsvarsmenn bílasöluunnar þá þegar haft símasamband við seljanda bifreiðarinnar og gengið hafi verið frá kaupunum í kjölfar þess og honum gert að afhenda skuldabréfið strax. Alllöngu síðar kveðst stefndi hafa fengið vitneskju um að ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu og hafi hann þá boðið stefnanda að láta kaupin ganga til baka, enda hafi bifreiðin þá staðið á þessari sömu bílasölu, en því hafi stefnandi hafnað.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að kaupverð það, sem stefndi hafi lofað að greiða fyrir bifreiðina, sé enn ógreitt að því marki, er nemi fjárhæð skuldabréfsins. Stefnandi hafi ekki tekið við skuldabréfinu sem fullnaðargreiðslu, heldur á þeirri forsendu að það fengist greitt. Þar sem skuldabréfið hafi ekki greiðst og skuldari þess og ábyrgðarmenn séu ógjaldfærir hafi greiðsluskýlda stefnanda vegna bifreiðakaupanna raknað við að nýju.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á þeirri meginreglu að við gerða samninga beri að standa og vísar til reglna kröfuréttar um lok skuldasambands á grundvelli greiðslu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi mótttekið skuldabréfið sem fullnaðargreiðslu, þannig að fyrra viðskiptasamband aðila geti ekki orðið virkt að nýju, þótt greiðslufall hafi orðið á skuldabréfinu. Þess hafi ekki verið óskað að stefndi léti í té ábyrgð á skuldabréfinu með áritun á það. Ósannað sé annað en verð bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við greiðslukjör þau er um samdist. Stefnandi byggir og á því að umrætt skuldabréf hafi verið fullnægjandi greiðsla þegar það var afhent, en það hafi verið fyrir gáleysi og vanrækslu stefnanda sjálfs eða umboðsmanns

hans, sem greiðslan hafi reynst ófullnægjandi. Umboðsmaður stefnanda hafi verið reyndur bílasali og honum hafi verið það kunnugt að stefndi kom beint af annarri bílasölu þar sem hann hafi fengið bréfið afhent. Skulda-bréfið hafi borið það með sér að það átti eftir að þinglýsa því. Það að móttaka bréfið áður en því hafi verið þinglýst, feli í sér að stefnandi sjálfur eða umboðsmaður hans hafi tekið að sér að þinglýsa því. Eftir að stefndi, sem sé óreyndur á þessu sviði, hafi afhent umboðsmanni stefnanda bréfið, hafi honum verið ómögulegt að þinglýsa því, og verði því stefnandi að bera hallann af því að bréfinu var ekki þinglýst. Í þessu sambandi byggir stefnandi á því að ósannað sé, að hin veðsetta bifreið hafi ekki getað staðið að fullu til tryggingar skuldinni þegar greiðslufall varð. Engin vandkvæði hefðu átt að vera á þinglýsingu bréfsins samkvæmt bifreiðaskrá. Hafi stefnandi ekki unað við bréfið, hafi honum borið að gera þegar við móttöku þess athugasemd eða krefjast þess af stefnda að hann annaðist þinglýsingu bréfsins. Hallann af því, að það var ekki gert, verði stefnandi sem handhafi skulda-bréfsins að bera.

Stefnandi vísar til laga nr. 39/1978, VI. kafla, um þinglýsingar, og almennra reglna kröfuréttarins um eigin sök, tómlæti og skyldu til að takmarka tjón sitt.

Eigandi Díselverks, Valgeir Anton Þórisson, stefndi, Viggó Guðmundsson, og Pétur Þór Brynjarsson, fyrrverandi sölustjóri bílasölnunnar Bílaþings, gáfu skýrslu fyrir dóminum.

II.

Umboðsmaður stefnanda, starfsmaður bílasölnunnar Bílaþings, afsalaði fyrir hönd stefnanda bifreiðinni IH 919 til stefnda með afsali, dagsettu 3. maí 1989. Í afsali þessu er greint að umsamið kaupverð sé kr. 450.000,00 og það greiðist með skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000,00 og víxlum að fjárhæð kr. 50.000,00. Á afsali þessu segir m.a.: „Þar sem ofanritaður kaupandi hefur á framangreindan hátt að fullu staðið mér skil á andvirði hinnar seldu bifreiðar, lýsi ég hann hér með löglegan eiganda hennar.“ Afsal þetta er undirritað af umboðsmanni seljanda, sölustjóra Bílaþings, Pétri Brynjarsyni, og stefnda, Viggó Guðmundssyni.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð skiptaráðandans í Reykjavík, dskj nr. 8, þar sem staðfest er að útgefandi skuldabréfsins, Lárus R. Þ. Arason, og annar sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn, Sigurður H. Bjarnason, hafa báðir verið úrskurðaðir gjaldþrota og hinn sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn, Óskar A. Jónsson, sé látinn.

Umboðsmaður stefnanda tók við skuldabréfi, tryggðu með 1. veðrétti í

bifreiðinni R 46925, af gerðinni Citroën BX, árgerð 1984. Útgefandi bréfsins var samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands dskj., nr. 7, eigandi hinnar veðsettu bifreiðar frá 2. maí 1989 til 3. júlí 1989. Viðskipti aðila máls þessa áttu sér stað þann 3. maí 1989, þann dag afhenti stefndi umboðsmanni stefnanda skuldabréfið sem var mótttekið án athugasemda. Stefnandi óskaði ekki eftir því við stefnda, að hann léti þinglýsa bréfinu, né heldur gerði hann það sjálfur.

Með hliðsjón af afdráttarlausu orðalagi í afsali stefnanda til stefnda, þar sem beint er tekið fram að stefndi greiði kaupverð bifreiðarinnar með víxlum að fjárhæð kr. 50.000.00 og skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000.00, og því að stefnandi lét ekki þinglýsa skuldabréfinu, þykir stefnandi hafa sýnt af sér svo verulegt tómlæti um gæslu þess réttar sem hann átti samkvæmt skuldabréfinu að hann hafi þar með fyrirgert hugsanlegum rétti til að gera fyrra skuldasamband aðila virkt. Enda ber að fallast á það með stefnda að ósannað sé að hin veðsetta bifreið hafi ekki getað staðið að fullu til tryggingar skuldinni.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Eftir niðurstöðu málsins skal stefnandi greiða stefnda kr. 100.000,00 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Viggó Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Díselverks.

Stefnandi skal greiða stefnda kr. 100.000,00 í málskostnað og er þar með talinn virðisaukaskattur. Málskostnaðarfjárhæðin skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá dagsetningu dóms þessa að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.